



Mýrdalshreppur

Inngildingarstefna

2025 - 2030

I. Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar er að stuðla að samfélagi sem einkennist af seiglu og inngildingu þar sem virðing og valdefling gerir öllum einstaklingum kleift að blómstra. Með því að fagna fjölbreytileikanum skuldbindum við okkur til þess að tryggja jafnan vöxt og þróun öruggs og farsæls samfélags sem hefur velferð allra íbúa að leiðarljósi. Með samvinnu og sameiginlegum gildum stefnum við að því að skapa samfélag þar sem við öll getum upplifað þá tilfinningu að tilheyrja og hafa tækifæri til að taka fullan þátt í að skapa samfélagið.

II. Orðskýringar

Fjölbreytni
(e. diversity)

Tilvistarmunur innan tiltekins umhverfis, þar á meðal þætti eins og kynþáttur, tungumálabakgrunnur, kyn, aldur, kynhneigð, trúarbrögð eða skoðanir, fötlun eða félagslega og efnahagslega stöðu.

Jafngildi (e. equity)	Að veita sanngjarna meðferð, tækifæri og framfarir á sama tíma og leitast er við að skilgreina og útrýma hindrunum sem hafa komið í veg fyrir fulla þátttöku sumra hópa.
Inngilding (e. inclusion)	Inngilding er stefna sem stuðlar að því að skapa umhverfi og samfélag þar sem öll geti notið sín óháð uppruna, kyni, hæfni eða fötlun og séu viðurkenndir sem fullgildir þátttakendur. Viðurkenna og virða fjölbreytileikann og gera alltaf ráð fyrir honum.
Tilheyra (e. belonging)	Tilfinningin um að vera samþykkt og metin sem meðlimur í samfélagi eða hópi.
Hlutdrægni (e. bias)	Tilhneiging eða fordómar í garð eða á móti einhverju eða einhverjum, oft á þann hátt sem talin er ósanngjarn.
Mismunun (e. discrimination)	Óréttlát eða fordómafull meðferð ólíkra hópa fólks.
Jafnrétti (e. equality)	Jafnrétti snýst um að hafa jafnan rétt og möguleika og aðrir í samfélaginu. Að öll hafi sömu tækifæri og sama aðgang að úrræðum.

III. Tilgangur

Þessi stefna miðar að því að hlúa að samtengdu og farsælu samfélagi í Mýrdalshreppi með því að setja inngildingu sem grunnreglu, auka vitund og setja skýrar leiðbeiningar fyrir alla hagsmunaaðila innan sveitarfélagsins. Samþætta inngildandi gildi á áhrifaríkan hátt inn í alla þætti félags-, efnahags- og stjórnmálalífs. Einnig að tryggja að framþróun sé mælanleg og aðgengileg fyrir alla.

IV. Markmið

Markmið Mýrdalshrepps er að opna huga fólks og auka víðsýni þess. Hlutverk stefnunnar er að hvetja íbúa, starfsfólk, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila til að sjá mikilvægi inngildingar og fjölbreytileika í lífi og starfi með því að temja sér inngildandi hugarfar og taka virkan þátt í inngildingu. Það er einlæg ósk Enskamælandi ráðs að inngildandi hugarfar verði að eðlislægum hluta í hversdagslífi fólks í íslensku samfélagi.

V. Gildissvið

Stefna þessi gildir um allar stofnanir, starfsmenn, íbúa, sjálfboðaliða- eða félagasamtök og fyrirtæki innan sveitarfélagsins Mýrdalshrepps. Það nær yfir allan rekstur sveitarfélagsins, áætlanir, þjónustu og samskipti á vegum sveitarfélagsins.

VI. Inngilding – Sveitarfélagið sem atvinnurekandi

Í Mýrdalshreppi leggjum við áherslu á að hlúa að inngildandi vinnuumhverfi með því að tryggja fjölbreytni í ráðningum, sanngjarna framfaramöguleika og styðjandi vinnustaðamenningu. Við notum óhlutdræg ráðningarferli, bjóðum upp á alhliða fjölbreytni og mótum stefnu sem dregur stöðugt úr mismunum. Með því að stuðla að inngildandi samskiptum, viðurkennum og virðum fjölbreytileikann svo sem bakgrunn, skoðanir, kyn, og fötlun, þar á meðal LGBTQ+ samfélagið, stuðlum við að

Því að allt starfsfólk upplifi að það sé metið að verðleikum og geti lagt sitt af mörkum til að ná sem bestum árangri. Við leggjum einnig áherslu á aðgengi fyrir fatlaða einstaklinga sem hluta af skuldbindingu okkar um fjölbreytileika.

Við hvetjum alla þjónustuaðila, opinberar og einkareknar stofnanir sem starfa í Mýrdalshreppi til að leggja okkur lið til að skapa inngildandi vinnuumhverfi fyrir öll.

<i>Stefnumið</i>	<i>Lýsing</i>
Fjölbreytni í ráðningum og varðveislu	• Einbeitum okkar að því að skapa almennar og sanngjarnar ráðningaraðferðir. • Nýta markvisst átak til að ráða fleiri einstaklinga með fjölbreyttan bakgrunn og hæfileika til að endurspegla fjölbreytileika samfélagsins. • Auglýsa störf á fjölda tungumála og á fjölbreyttum miðlum (þar á meðal stafrænum miðlum). • Aðstoða starfsfólk við að fá menntun og hæfni (færni) metið þegar þörf krefur. • Nota blinda matsaðferð á ferilskrá við ráðningar og fjarlægja kynbundið tungumál úr umsóknarefni til að lágmarka hlutdrægni. • Fá umsagnir starfsfólks og gera ánægjukannanir reglulega. • Innleiða þjálfun um ráðningar fyrir stjórnendur til að vekja athygli á hlutdrægni, mismunun, menningarnæmi sem stuðlar að því að bæta getu þeirra til að skapa inngildandi vinnuumhverfi.

Starfsþróun og þjálfun	• Markviss fræðsla í menningarnæmi er framkvæmd reglulega fyrir alla starfsmenn til að efla vitund og stuðla að betri vinnustaða menningu. • Ítarlegt móttökuferli sem skýrir stefnu sveitarfélagsins, starfsþróunaráætlun. Möguleikar fyrir starfsfólk til þjálfunar, þar sem öll eiga sama möguleika á þjálfun til þess að tryggja að allir skilji hvernig á að ná árangri á sínum vinnustað. • Þróa leiðbeinandi þjálfunartækifæri með áherslu á nauðsynlega færni og tungumálakunnáttu. • Samfélagstenging: Bjóða upp á námskeið í menningarnæmi sérstaklega fyrir stjórnendur til að bæta samskipti við íbúa með fjölbreyttan bakgrunn, þ.m.t. halda vinnustofur um inngildingu og tryggja að minnihlutahópar taki þátt í ákvarðanatökuferlum
Inngildandi vinnuumhverfi	• Að auka samvinnu og samskipti á vinnustað og rækta inngildandi vinnustaðamenningu meðal starfsfólks þar sem öll upplifa sig velkomin, virt og studd. • Veita sérsniðinn stuðning með því að bjóða upp á persónulega aðstoð, upplýsingar og úrræði sem séu viðeigandi og gagnleg fyrir fjölbreyttar þarfir starfsfólks. • Efla og hvetja allt starfsfólk til að taka virkan þátt og deila sjónarmiðum sínum með því að nota reglulega endurgjöf til að mæla, bæta umhverfi og stefnu vinnustaðarins.

VII. Sveitarstjórn sem yfirvald

Sem stjórnvald viðurkennum við í Mýrdalshreppi ábyrgð okkar við að efla inngildingu innan samfélagsins. Við stefnum að því að innleiða starfshætti og áætlanir sem stuðla að jöfnuði og aðgengi, til að skapa samfélag þar sem allir íbúar upplifa að þeir séu metnir og studdir. Við stefnum að því að virkja fjölbreyttar raddir við ákvarðanatöku og tryggja að þarfir og sjónarmið allra samfélagsþegna séu höfð í huga við ákvörðunartöku. Með fræðslu- og vitundarvakningu og áætlunum stefnum við að því að vinna gegn hlutdrægni og byggja upp inngildandi samfélag fyrir alla.

<i>Stefnumið</i>	<i>Lýsing</i>
Stefnumótun og innleiðing	• Innleiða inngildandi aðgerðir í allar stefnur á vegum sveitarfélagsins. • Nota kynlaust og aðgengilegt orðalag í öllum stefnuskjölum til að tryggja skýrleika og skilning fyrir íbúa með mismunandi bakgrunn. • Úthluta fjármagni fyrir inngildandi verkefni sem auka möguleika á að þróa og framkvæma áætlanir sem stuðla að jöfnuði og aðgengi í samfélaginu. • Skilgreina framkvæmanleg skref sem innihalda mælanleg viðmið sem geri almenningi kleift að fylgjast með framförum og meta áhrif aðgerða tengda inngildingu og þar með tryggja ábyrgð og gagnsæi. • Innleiða aðgengilegri tungumálastefnu sveitarfélagsins. Styðja við íslensku kennslu og inngildandi samskipti sem gerir öllum íbúum auðveldara með að læra íslensku og þar með tala tungumálið.

Samfélagssamvinna og fyrirmyndir	• Koma á öflugu samráði og virkja íbúa með reglulegum opnum samráðsfundum. Með því öflum við fjölbreyttari sjónarmiða og betri innsýnar sem tryggir að stefnumótun sé byggð á þörfum og röddum allra hagsmunaaðila innan sveitarfélagsins. • Tilnefna ákveðið starfsfólk sveitarfélagsins og innan stofnana sveitarfélagsins til að aðstoða/taka vel á móti nýjum íbúum. Koma á verklagi til þess að aðstoða nýja íbúa við að aðlagast, læra á samfélagið og skapa tengsl. • Auka þátttöku og verkefni sem stuðla að aukinni vitund um inngildingu svo sem fjölga opnum fundum, menningarviðburðum og inngildandi starfsemi til að hvetja til þátttöku ólíkra hópa og til þess að fá hugmyndir frá íbúum.
Ábyrgð og mat	• Skilgreina aðgerðir sem innihalda mælanleg viðmið sem gera samfélaginu kleift að fylgjast með framförum og meta áhrif inngildandi aðgerða til að tryggja ábyrgð og gagnsæi. • Sveitarfélagið tryggir að skipulags- og þróunaráætlanir séu inngildandi og tryggir aðgengi fyrir alla með endurskoðun opinberra rýma og nýbygginga. • Framkvæma kannanir reglulega bæði innan sveitarfélags og af utanaðkomandi sérfræðingi eða stofnun til að mæla þjónustuframboð, þátttökuhlutfall og ánægju íbúa.

	• Próa mælikvarða og vöktunarstaðla (e. awareness standards) til að fylgjast með stefnumótun og vexti tengdum inngildingu (t.d. fjölbreytni í ráðningum, fólksfjölgun, fjölbreytileikakannanir, kannanir á aðgengi fyrir þjónustuveitingar sem og kannanir til að mæla fordóma og mismunun). • Aukið hlutverk og umfang Enskumælandi ráðs í samskiptum samfélagsins með opinberum fundum, eftirliti með framkvæmd inngildingar stefnu og ábyrgð á því að miðla upplýsingum til meðlima innflytjendasamfélagsins..
Starfsmaður inngildingu	• Ráða hæfan einstakling til að hafa umsjón með framkvæmd þessarar stefnu og inngildandi starfsvenja fyrir allar stofnanir innan sveitarfélagsins. Umræddum starfsmanni verður falið að tryggja að farið sé að reglum og skyldum sem skilgreindar eru í stefnunni á sama tíma og stuðla að aðgengi og stuðningi innan samfélagsins sem stutt er af kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins.

VIII. Sveitarfélag sem þjónustuaðili

Sem þjónustuaðili leggur Mýrdalshreppur áherslu á að tryggja inngildandi þjónustu án hlutdrægni með því að bjóða upp á aðgengilega þjónustu sem er sniðin að fjölbreyttum þörfum, þar með talið að ryðja úr vegi hindrunum fyrir fatlaðra einstaklinga og veita tungumálastuðning. Við stefnum að því að meta þjónustu reglulega með tilliti til jöfnuðar og taka mið af endurgjöf íbúa fyrir bætta þjónustu, tryggja að hún sé inngildandi og þjóni öllum íbúum. Sem þvermenningarlegt samfélag, leitumst við eftir því að auðvelda öll samskipti, með því að miðla

upplýsingum á fleiri tungumálum en um leið og við hvetjum alla til þess að nota íslensku í daglegu lífi.

<i>Stefnumið</i>	<i>Lýsing</i>
Aðgengileg þjónusta	• Tryggja að allar fjölskyldur hafi aðgang að upplýsingum og sé gert kleift að taka ákvörðun um náms- og tungumálaúrræði sem standa þeim og börnum þeirra til boða á skilvirkkan hátt innan skólakerfis sveitarfélagsins. • Efla samskipti við fyrirtæki og stofnanir, til þess að styðja þau eins og við á, við að ráða starfsfólk með fjölbreyttan bakgrunn. • Auka aðferðir til að miðla upplýsingum um þjónustu og þar með útrýma hindrunum, auka aðgengi og tryggja að enginn sé útilokaður frá nauðsynlegum samskiptanetum, þjónustu eða viðburðum. • Veita öllum íbúum jöfn tækifæri og veita jafnan aðgang að úrræðum og ferlum. • Skuldbinda okkar til að nota túlk og þýðingapjónustu (innan sveitarfélagsins þegar mögulegt er) til að auka skilning, möguleika til þátttöku og tryggja að mikilvægar upplýsingar séu bæði nákvæmar og viðeigandi.
Úthlutun fjármagns til að stuðla að inngildingu	• Úthluta viðbótarfjármagni til verkefna sem sérstaklega miða að því að styðja við samfélagslega þróun, einingu og þátttöku allra íbúa.

	• Þróa verkefni innan skóla til að tryggja að allir nemendur hafi nauðsynleg tæki til að ná árangri, óháð tungumálabakgrunni, getu eða félags- og efnahagsaðstæðum. • Efla samfélagsmiðaðara íslenskunám og aðgengilegri upplýsinga um möguleika til að sækja íslenskukennslu • Bera kennsl á þær hindranir sem draga úr virkri þátttöku.
Samfélagslegur stuðningur	• Forgangsraða fjármagni í húsnæðisframkvæmdir á viðráðanlegu verði sem tryggja aðgengi að öruggut húsnæði til leigu og til eignar. • Þróa markvissar aðferðir til að auka getu félagasamtaka til að auka átaksverkefni.
Ábyrgir stjórnendur	• Skyldu innleiðingu inngildingarstefnu í stofnunum sveitarfélagsins. Tryggja að forsvarsmenn sveitarfélagsins skapi umhverfi sem sýnir mikilvægi jöfnuðar í þjónustuveitingu. Að sveitarfélagið sé búið nauðsynlegum verkferlum til að stuðla að inngildandi starfsháttum innan stofnanna þess. • Koma á gagnsæju verklagi vegna tilkynninga fyrir forsvarsmenn sveitarfélagsins svo hægt sé að birta gögn reglulega um stöðu og kannanir sem varða inngildingu og tengjast þjónustuveitingu sveitarfélagsins. Það gerir íbúum kleift að halda stjórnendum ábyrgum

	vegna framfara í átt að inngildandi samfélagi fyrir öll og jöfnum aðgangi að úrræðum. • Enskumælandi ráð er í hlutverki ráðgjafanefndar og veitir eftirlit og endurgjöf til forsvarsmanna sveitarfélagsins varðandi inngildingu og sanngjarna þjónustuveitingu fyrir öll.
--	--

IX. Aðgerðir gegn fordómum

<i>Frumkvæði</i>	<i>Útfærsla</i>
Vitundarvakning herferðir	• Sveitarfélagið stendur fyrir almennri vitundarvakningu um inngildinu, t.d. á samfélagsmiðlum, veggspjöld og dreifimiða og vitundarvakningu sem stuðla að inngildingu og koma í veg fyrir mismunun og fordóma. • Opinber kynning á inngildingarstefnu. • Hvetja til menningarlegra viðburða fyrir jaðarsetta íbúa til að miðla upplýsingum og efla skilning og vitund samfélagsins um fjölbreytileikann. • Fræðslu um menningarnæmi, fjölbreytileikann og inngildingu í skólum til að koma í veg fyrir mismunun og fordóma hjá börnum, ungmennum og þeirra sem vinna með börnum og ungmennum.

	• Koma að skipulagningu ráðstefnu og samvinnu nærliggjandi sveitarfélaga til þess að koma af stað sameiginlegri stefnu um inngildingu og skapa samstarfsvettvang
Inngildandi viðmið um tungumál og kennslu	• Innleiða málstefnu Mýrdalshrepps á öllum stofnunum sveitarfélagsins • Krefjast þess að skólar fylgi innlendum leiðbeiningum og bestu starfsvenjum fyrir annars máls kennslu (vegna fjöltyngdra nemenda) og leiti til utanaðkomandi sérfræðinga vegna málfrávika (þar á meðal heyrnar- eða sjónskerðingar sem getur haft áhrif á málþroska og samskiptafærni) • Öll upplýsingamiðlun um þjónustu og viðburði birtist á mismunandi tungumálum • Nota kynhlutlaust orðalag og tryggðu notkun orðaforða sem viðurkennir tilveru LGBTQ+ íbúa • Nota tækni til að mæta þörfum heyrnar- og sjónskertra íbúa
Hlutdrægni mat	• Reglubundin þjálfun og kerfisbundið mat meðal starfsfólks sveitarfélaga sem gerir þeim kleift að tjá reynslu sína af störfum við að veita þjónustu í fjölbreyttu samfélagi. • Framkvæma endurskoðun á öllum stefnum og reglugerðum sveitarfélagsins til að koma auga á og útrýma hlutdrægni eða mismunun úr stefnunum. • Framkvæma nafnlausa könnun sem er opin almenningi annað hvert ár til að mæla og

	fylgjast með framförum sem náðst hafa með því að innleiða inngildingarstefnu.
Rýnihópar / Tækifæri til endurgjafa	• Búa til aðgengilega og órekjanlega leið á netinu fyrir íbúa til að tilkynna umfordóma eða mismunun. Í samræmi við persónuverndarstefnu. • Halda rýnifundi með íbúum til að auðvelda samtal um reynslu sem tengist hlutdrægni, fordómum og/eða mismunun við aðgang að þjónustu, samskipti við þjónustuaðila eða aðgang að upplýsingum um þjónustu. • Starfrækja virkan tölvupóst fyrir Enskumælandi ráð sem gerir nærsamfélaginu kleift að hafa beint samband við þá með upplýsingar, fyrirspurningar og ábendingar

X. Eftirlit og endurskoðun

Enskumælandi ráð ber ábyrgð á að fylgjast með og skila skýrslu um skilvirkni þessarar inngildingarstefnu og þeirra markmiða sem hér eru skilgreind. Á fimm ára fresti mun ráðið kalla hagsmunaaðila að borðinu (þar á meðal íbúa, stjórnendur sveitarfélaga, fulltrúa félagssamtaka og eigendur fyrirtækja) til þess að ræða framvindu innleiðingar og afla upplýsinga um nauðsynlegar breytingar á stefnunni og markmiðum.

Enskumælandi ráð mun bera ábyrgð á útgáfu árlegrar skýrslu sem metur árangur og framvindu inngildingarstefnu, dregur fram árangur, áskoranir, fjárframlög sem tengjast frumkvæði tengdu inngildingu og möguleika til úrbóta. Skýrslan verður lögð fyrir sveitarstjórn og birt á heimasíðu sveitarfélagsins til að tryggja almennt gagnsæi.

Mælt er með því að Enskumælandi ráð haldi árlega opin samstarfsfund sem gerir ráð fyrir opinberri umræðu meðal íbúa og endurskoðun á innleiðingarferlinu.

XI. Yfirlýsing um skuldbindingu

Fyrir hönd Enskumælandi ráðs og sveitarstjórnar skuldbindum við okkur til að innleiða þessa inngildingarstefnu og til þess að skapa inngildandi samfélag fyrir öll. Við heitum því að efla fjölbreytileikann, fjarlægja hindranir og tryggja að þjónusta sé aðgengileg og endurspegli fjölbreyttar þarfir samfélagsins. Með áframhaldandi samvinnu, reglulegri endurgjöf og gagnsæjum samskiptum munum við vinna að því að efla inngildandi menningu sem gerir hverjum einstaklingi kleift að taka fullan þátt í samfélaginu.